



Reykjavík, 7. október 2024
FAS24090032

Borgarráð

Tillaga um ráðstöfun eigna og slit Verðlaunasjóðs fullnaðarprófsbarna í Reykjavík

Lagt er til að fjármunum „Verðlaunasjóður fullnaðarprófsbarna í Reykjavík, Gjafasjóður Hallgríms Jónssonar, skólastjóra“ verði ráðstafað til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur svo sviðið geti staðið fyrir handritasamkeppni um stuttmynd meðal nemenda í 9. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Einnig að sjóðnum verði slitið við sama tækifæri, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Greinargerð:

Vísað er til tölvupósts, dags. 23. september 2023, sem barst sviðsstjóra sem og lögfræðingi fjármála- og áhættustýringarsviðs frá sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs þar sem lagt er til að fjármunum úr áður nefndum sjóði verði varið í samræmi við tilgangi sjóðsins en hann hefur verið óhreyfður til margra ára. Fram kemur í skipulagsskrá sjóðsins frá 18. janúar 1949, nánar tiltekið í 6. gr. að tilgangur sjóðsins sé m.a. að veita 3 fullnaðarprófsbörnum úr Barnaskóla Reykjavíkurborgar verðlaun fyrir frábæra meðferð íslenskrar tungu. Er það mat sviðsstjóra að ráðstöfun fjármuna sjóðsins í áður nefnda handritasamkeppni sé sem skyldast hinum upphaflegu markmiðum sjóðsins.

Í erindi Skóla og- frístundasviðs kemur fram að handritakeppnin muni leggja áherslu á framúrskarandi notkun íslenskrar tungu, málvöndun, leikni og sköpunargáfu, í samræmi við upphafleg markmið sjóðsins. Einnig er tekið fram mikilvægi þess að hvetja ungt fólk til að vanda málfar sitt og nota íslenska tungu á skapandi hátt er enn brýnna í dag, sérstaklega í ljósi stafrænnar þróunar og aukinnar notkunar á erlendum tungumálum í daglegu lífi. Með því að ráðstafa eignum sjóðsins í þetta verkefni er verið að tengja saman hefðbundna ritlist og nútímalegar miðlunarleiðir. Handritasamkeppnin mun hvetja nemendur til að vanda mál sitt, sýna leikni og snilli í notkun íslenskrar tungu og beita sköpunargáfu sinni í anda upphaflegra markmiða sjóðsins.

Ársreikningur fyrir árið 2023 var lagður fram þann 12. ágúst 2024 þar sem fram kemur að eigið fé sjóðsins nemi 2.568.497 kr. Er það sú fjárhæð sem lagt er til að verði veitt úr sjóðnum til handritasamkeppninnar, auk þeirra vaxta sem fallið hafa til þar til sjóðnum er formlega slitið.

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn og úthluta fjármunum hans, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt: Ársreikningur sjóðsins 2023, skipulagsskrá og greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090032

Greinargerð um slit og ráðstöfun eigna Verðlaunasj. fullnaðarprófsbarna í Reykjavík – FAS24090032

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, er sýslumanni heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ávallt skuli leita umsagnar Ríkisendurskoðunar ef leggja eigi sjóð niður.

Leitað var til sýslumannsins á Norðurlandi vestra sem sér um slit sjóða sem starfa skv. skipulagsskrá og beðið um álit á því hvort heimilt væri að borgarráð myndi samþykkja slit sjóðanna og ráðstöfun eigna þeirra þar sem engin stjórn sé staðar í sjóðunum. Sýslumaður samþykkti þá leið og sagðist yfirfara gögnin þegar tillögurnar væru sendar þeim ásamt samþykki borgarráðs og í framhaldi senda þær áfram til Ríkisendurskoðunar.

Eins og áður hefur komið fram, segir í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 að eignum sjóðanna skuli varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sem fram koma í stofnskrá sjóðanna. Vinna fór fram á viðeigandi sviðum borgarinnar til að tryggja það að áðurnefndu ákvæði væri fylgt af mikilli kostgæfni. Mikil ánægja er með þær ákvarðanir sem teknar voru hvað varðar ráðstöfun eigna sjóðanna og er sú ráðstöfun tilgreind í tillögu hvers sjóðs.

Eins og fram hefur komið eru slit á og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988. Þá skal slit sjóða varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum skv. skipulagsskrá sbr. lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga.

Niðurlag:

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn og úthluta fjármunum hans, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Virðingarfyllst,
Halla Björg Evans, lögfræðingur
Fjármála- og áhættustýring

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna 7 Reykjavíkur“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 18. jan. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna í Reykjavík.

1. gr.

Stofnandi sjóðs þessa er fyrrverandi skólastjóri Miðbæjarskólans í Reykjavík, Algrímur Jónsson.

2. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður fullnaðarprófsbarna í Reykjavík“.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum, eða á annan öruggan hátt, á milli stjórna hans.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helmingi ársvaxta sjóðsins skal verja til verðlaunanna, samkvæmt skipulagsskrá þessari, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita árlega 3 fullnaðarprófsbörnum, úr barnaskólum Reykjavíkurbæjar, verðlaun af ofangreindum hluta vaxta sjóðsins, fyrir frábæra áferð íslenzkrar tungu. Verðlaunaritgerðirnar skulu bera nokkurn vott um málendni, leikni og snilli. Íslenzkúprófdómarar barnaskólanna og vel ritfær málvæðingarmáður, sem fræðsluráð bendir á, skulu dæma börnunum verðlaunin. Ritgerðir skulu hækur fyrir verðlaunapeningana. Séu þær ritaðar á gullaldarmáli, þá skulu bókanna skal vera sömasamlegt. Skólastjóri þess skóla, sem barnið er á, sem verðlaunin fær, ríli nafn barnsins á bók þess og geti um, fyrir hvað verðlaunin séu gefin.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er fræðslumálastjóri útnefni, til tveggja ára í senn. Meðal þeirra skal vera formaður Kennarasambands Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, verðlaunaveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Ársreikninga sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

11. gr.

Leitu skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

542.000

AFRIT

F. J.

	Dagsetning	Afgreiðslustaður Banki Gjaldkeri	Innlagt/Úttekið	Tegund færslu	Tilvisunarnúmer Banki Teg Reikn nr	Innstæða krónur
1	040592	01010037	*598,37+	INNL	010105278420	>*****59
2	311292	01010003	*14,58+	VEXT	010105278420	>*****61
3	311293	01010024	*44,40+	VEXT	010105278420	>*****65
4	050794	01010003	*11,95+	ANBÓ	010105278420	>*****66
5	311294	01010003	*21,77+	VEXT	010105278420	>*****69
6	311295	01010024	*28,39+	VEXT	010105278420	>*****71
7	311296	01010020	*30,76+	VEXT	010105278420	>*****75
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						

Ársreikningur 2023

**Verðlaunasjóður fullnaðarprófsbarna í Reykjavík
Gjafasjóður Hallgríms Jónssonar, skólastjóra**

Númer í sjóðaskrá 688

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnar, nafn og aðsetur vörsluaðila	2
Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar með ársreikningi	6

Staðfesting stjórnar

Stjórn Verðlaunasjóðs fullnaðarprófsbarna í Reykjavík staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.

Vinsamlegast vérlitið nöfn og áritið einnig

Nöfn stjórnarmanna

Kennitala

Heimili

Halldóra Káradóttir

030365-4379

Naustavör 18



Vörsluaðili

Reykjavíkurborg

Heimili Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar

Ég undirritaður hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna í Reykjavík vegna ársins 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.


Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við III. kafla laga um bókhald nr. 145/1994. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningakafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna í Reykjavík við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ég undirritaður hef yfirfarið ársreikningurinn og tel að hann gefi glögga mynd af afkomu Verðlaunasjóðs fullnaðarprófsbarna í Reykjavík á árinu 2023 og efnahag 31. desember 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.



Rekstrarreikningur ársins 2023

Tekjur	Skýr.	2023	2022
Aðrar tekjur		0	0
Tekjur samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður		0	0
Gjöld samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		55.881	11.117
Fjármagnstekjuskattur bankareikninga		(12.294)	(2.446)
Fjárm.liðir samtals		<u>43.587</u>	<u>8.671</u>
Niðurstaða rekstrar		<u><u>43.587</u></u>	<u><u>8.671</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	2023	2022
Veltufjármunir			
Bankainnstæður og sjóðir	1	2.568.497	2.524.910
Veltufjármunir samtals		2.568.497	2.524.910
Eignir alls		2.568.497	2.524.910
 Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun		2.524.910	2.516.239
Tekjur umfram gjöld		43.587	8.671
Eigið fé samtals		2.568.497	2.524.910
 Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		0	0
Skammtímaskuldir samtals		0	0
Skuldir og eigið fé alls		2.568.497	2.524.910

Skýringar

	2023	2022
Bankainnstæður L.Í kjörbók nr. 278420	<u>2.568.497</u>	<u>2.524.910</u>
Bankainnstæður 31.12.2022	<u>2.568.497</u>	<u>2.516.239</u>